



Nefndasvið Alþingis
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík 30. janúar 2024

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um tímabundinn stuðning til greiðslu launa vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ (framlenging), 609. mál

Samtök atvinnulífsins og Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (samtökin) vísa til tölvubréfs velferðarnefndar Alþingis frá 25. janúar sl. þar sem óskað var eftir umsögnum um frumvarp til laga um tímabundinn stuðning til greiðslu launa vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ (framlenging), 609. mál. Með frumvarpinu er lagt til að það tímabil sem lögum um tímabundinn stuðning til greiðslu launa vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ, nr. 87/2023, er ætlað að ná til verði lengt til 30. júní 2024, en samkvæmt núgildandi lögum líður úrræðið undir lok 29. febrúar nk.

Samtökin tóku saman umsögn, dags. 22. nóvember 2023, um frumvarp til laga nr. 87/2023 um tímabundinn stuðning til greiðslu launa vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ þar sem samtökin studdu frumvarpið. SA vísa til fyrri umsagnar og styðja frumvarpið og mæla með því að það verði lögfest.

Líkt og rakið er í fyrri umsögn samtakanna fellur umtalsverður kostnaður á atvinnurekendum sem kjósa að greiða starfsfólki sínu laun eftir að starfsemi stöðvast. Ofan á launagreiðslur bætast við orlofslaun (10,17 – 13,4%), tryggingagjald (6,53%) og ýmis önnur launatengd gjöld og tryggingar. Þrátt fyrir þann stuðning til greiðslu launa sem lögin og frumvarpið mæla fyrir um er ljóst að greiðsla launa til starfsfólks felur í sér umtalsverðan kostnað fyrir launagreiðendur (um 140 þús. kr. í orlof og launatengd gjöld í tilviki atvinnurekanda sem greiðir laun sem samsvara hámarksendurgreiðslu, kr. 633.000) og óljóst í hve langan tíma þeir treysta sér til þess að greiða launin. Mikil verðmæti eru fólgin í því fyrir samfélagið allt að sem flestir haldi virku ráðningarsambandi við vinnuveitanda og því fullt tilefni til að taka til skoðunar endurgreiðslu af tryggingagjaldi af launum með sama hætti og mótframlagi atvinnurekanda í lífeyrissjóð.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Sigurður Helgason

f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

Heiðmar Guðmundsson